

Danska 7. bekkur

Kennarar: Helga Sigurðardóttir

7

Lýsing

Unnið að mestu í að bæta orðaforða. Æfingar í því að hlusta á dönsku og að hlusta á danskt myndefni. Athugað hvernig danska og íslenska tengjast og hvernig má nýta þekkingu í íslensku til þess að geta sér til um merkingu. Nemendur prófa sig áfram í því að skrifa stuttar og einfaldar setningar og búa sig undir að geta bjargað sér við algengar aðstæður í daglegu lífi.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

VS Danska 7.bekkur 2021-2022 - Hlustun

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni, með stuðningi íslensku og geti brugðist við með einföldum orðum.
- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.
- Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglinga og greint frá því helsta.

VS Danska 7.bekkur 2021-2022 - Lesskilningur

- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.

VS Danska 7.bekkur 2021-2022 - Samskipti

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það verkefni sem unnið er með þá stundina.
- Skipst á upplýsingum og skoðunum, á einföldu máli með stuðningi íslensku, við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.
- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

VS Danska 7.bekkur 2021-2022 - Frásögn

- Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.
- Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.

VS Danska 7.bekkur 2021-2022 - Ritun

- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.

- Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.
- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.
- Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.

VS Danska 7.bekkur 2021-2022 - Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða.
- Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

VS Danska 7.bekkur 2021-2022 - Náamshæfni

- Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.
- Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja
- Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur.
- Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.
- Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.

VS Danska 7.bekkur 2021-2022

- Samantekt